



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2020040028

20. apríl 2020

Landspítali, bann við því að stöðva og leggja næst sjúkrahótel og barna- og kvennadeild ásamt merkingu stæðis fyrir sjúkrabifreiðar

Að ósk Landspítalans er lagt til að:

- Merkt verði stæði fyrir sjúkrabifreiðar sunnan sjúkrahótels
- Bannað verði að leggja í sleppistæði sunnan sjúkrahótels
- Bannað verði að stöðva og leggja norðan kvennadeildar
- Bannað verði að stöðva og leggja í norðurkanti Hrafnsgötu, sunnan Barnaspítala.



Mynd 1 - Staðsetning sjúkrahótels, barna- og kvennadeildar

Bönn og sérmerking stæða séu táknuð með viðeigandi skiltum og, þar sem við á, tilheyrandi undirmerkjum (sjá mynd á næstu síðu).


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Mikið hefur borið á því að ökutækjum sé lagt þannig að það hindri aðgengi að inngöngum á lóð Landspítalans. Bönnunum er ætlað að takmarka áhrifilla lagðra ökutækja á starfsemi Landspítalans og tryggja aðgengi sjúkrabifreiða og vöruafgreiðsluáðila að viðeigandi inngöngum. Ósk Landspítalans barst með tölvupósti pósti þann 20. apríl 2020.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur



Mynd 2 – Áætlun um merkingarstöðubanna og sérstæðis vegna sjúkraflutninga

